

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, B-hluti, nr. 141, 23. febrúar 1998 breytist þannig: Allir gjaldskrárliðir hækka um 3% frá og með 1. júlí 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. júní 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

Nr. 415

18. júní 1999

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. er taki gildi 1. júlí 1999.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. nr. 583, 13. október 1997 með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 3% frá og með 1. júlí 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. júní 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

Nr. 416

18. júní 1999

GJALDSKRÁ

Rafveitu Sauðárkróks.

I. Raforka.

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Taxti:		Grunn- verð	Verð með VSK	
A-1	Almenn notkun, heimili, verslun, iðnaður og öll notkun sem ekki er getið um annars staðar	6,97	8,68	kr/kWh
	Fast gjald kr/ár	2.000,00	2.490,00	kr/ár
A-2	Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW)	22.438,00	28.935,00	árs kW
C-1	Orka til mannvirkjagerðar	6,97	8,68	kr/kWh
	Fast gjald kr/ár	12.000,00	14.940,00	kr/ár
C-2	Orka samkv. 15 mín. meðalafsmælingu	2,44	3,04	kr/kWh
	+ aflagjald (lágmark 20 kW)	9.169,00	11.415,00	árs kW
	Mælaleiga samkv. kafla II.			

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá viðskiptavinum, ef fasvixsstuðull er að meðaltali lægri en 0,9 í tilteknum mánuði. Ef stuðullinn er lægri en 0,9 er rafveitunni heimilt að innheimta 2% viðbótargjald fyrir hvern hundraðshluta sem fasvixsstuðullinn er lægri en 0,9.

Hitun:

Texti:	Grunn- verð	Verð með VSK	
D-1 Orka til húshitunar, roftími 2 x 1,5 klst. á dag	2,60	2,96	kr/kWh
Fast gjald kr/ár	2.000,00	2.280,00	kr/ár
D-2 Önnur hitanotkun, roftími 2 x 1,5 klst. á dag	2,44	3,04	kr/kWh
Fast gjald kr/ár	2.000,00	2.490,00	kr/ár
D-3 Orka til næturhitunar í iðnaði eða hliðstæðra nota, roftími allt að 13 klst. á sólarhring	2,76	3,44	kr/kWh
Fast gjald kr/ár	2.000,00	2.490,00	kr/ár

Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gilda eftirfarandi ákvæði:
Minnsta ársnotkun sé 6000 kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um mæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. Mælaleiga.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

	Grunn- verð	Verð VSK	
1. Af einfasa mælum 30 A og minna	447,00	557,00	kr/ár
2. Af þrífasa mælum 50 A og minna	745,00	928,00	kr/ár
3. Af þrífasa mælum 50-100 A	1.052,00	1.310,00	kr/ár

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. Heimtaugagjöld.

Heimtaugagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengs-heimtaugar fram úr 15 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málmstraumur stofnvara:	Lágmark		Jarðstrengur yfirlengdargjald	
	kr.		kr/m	
	Grunn- verð	Með VSK	Grunn- verð	Með VSK
63 A 1-fasa	47.550	59.200	1.519	1.891
63 A 3-fasa	67.550	84.100	1.519	1.891
100 A 3-fasa	72.643	90.441	2.083	2.593
125 A 3-fasa	92.032	114.580	2.346	2.921
200 A 3-fasa	142.710	177.674	3.152	3.924
300 A 3-fasa	209.381	260.679	3.768	4.691

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðast samkvæmt kostnaði.

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 63-200 A reiknast frá aðaltöflu að götugreiniskáp.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal

hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafveitunni að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o.s.frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæði - uppsteypt hús - er lagt Rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar skv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. Innheimtugjald.

	Grunnverð	Með VSK
1. Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu:	525,00 kr.	654,00 kr.
2. Gjald fyrir lokunar-/opnunaragerð vegna vanskila:	525,00 kr.	654,00 kr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1999 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 445, 25. september 1991.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. júní 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

GJALDSKRÁ

Veitustofnana Hveragerðis.

B-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Veitustofnana Hveragerðis (VSH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns, heits vatns og jarðgufu sbr. reglugerð fyrir VSH nr. 276/1994.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-HLUTA sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu raforku, heits vatns og jarðgufu á veitusvæði VSH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á raforkutöxtum, hitaveitutöxtum, heimtauga- og heimæðagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.